

## Byggðasamlag Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks

---

Fundur í stjórn Byggðasamlags Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks, 12. desember 2012, kl 10.00, fundurinn var haldinn með aðstoð fundarsíma. Mætt voru Albertína F Elíasdóttir, formaður, Friðbjörg Matthíasdóttir, Ómar Már Jónsson, Sveinn Ragnarsson og Sigurður Pétursson. Einnig sátu fundinn Arnheiður Jónsdóttir, verkefnisstjóri og Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri. Aðalsteinn ritaði fundargerð.

Formaður setti fundinn

1. Skýrsla Capacent um málefni BsVest.

Mættur til fundar Arnar Jónsson, ráðgjafi Capacent.

Lögð fram skýrsla Capacent um málefni BsVest, dags 11. desember 2012. Formaður gaf Arnari orðið til að fara yfir efni skýrslunnar og kynna ný efnisatriði frá stjórnarfundum 26. nóvember s.l.. Samþykkt er að efni skýrslunnar verði trúnaðarmál.

Framkvæmdastjóra falið að boða til fundar með bæjarstjórum og sveitarstjórum félagsþjónustusvæða á Vestfjörðum og kynna þeim efni skýrslunnar sem trúnaðarmál.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 10.45.